

# Fréttapistill frá forseta Íslands

3. desember 2019

Í síðustu viku héldum við fjölskyldan í dagsferð um Suðurland, einnig flaug ég vestur á firði og margt annað dreif að venju á dagana.

Vikuna hóf ég með því að líta við með tveimur barnanna á bókamessunni í Hörpu. Manni hlýnaði um hjartarætur að sjá þá grósku sem nú getur í bókaútgáfu á Íslandi, ekki síst í gerð verka fyrir börn og ungmenna. Gefum bók um jólin! Og eitthvað verðum við að gera í sameiningu í þessu samfélagi til að bæta lesskilning unglinga, miðað við nýjustu kannanir í þeim efnum sem fregnir birtast um í dag.

Mynd var tekin við bás Sögufélags. Ég var forseti þess í nokkur ár og fann þá hversu gaman það er að gefa út góðar bækur. Við hlið mér er kollegi úr fræðunum, Unnur Birna Karlsdóttir, en öndvegisverk hennar um sögu hreindýra á Íslandi kom nýverið út á vegum Sögufélags.

Heiður þeim sem heiður ber. Á þriðjudaginn var tilkynnti Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnukona að hún hefði lagt skóna á hilluna. Ferill hennar var afar farsæll og hún var frábær fyrirmynd. Með eftirfarandi fregnum má sjá mynd af okkur tveimur á Laugardalsvelli eftir að sæti á úrslitum Evrópumótsins í Hollandi 2017 var í höfn og svo eina afar skemmtilega hópmynd þar sem gleðin skín úr hverju andliti:

<https://www.visir.is/.../gudni-forseti-maettur-til-ad...>

[https://www.mbl.is/.../07/22/gudni tok sjalfu i hollandi/](https://www.mbl.is/.../07/22/gudni_tok_sjalfu_i_hollandi/)

Fátt er eins sætt og sigur í heiðarlegri keppni. Fátt sameinar þjóðina eins vel og góður árangur íþróttafólks á alþjóðavettvangi. Ég óska Margréti Láru velfarnaðar og þakka hennar góða framlag.

Síðastliðinn miðvikudag var starfsdagur í Álftanesskóla. Við Eliza héldum þá í dagsferð með börnin austur fyrir fjall. Við hófum leikinn á hraunsýningunni í Vík, The Icelandic Lava Show. Mér hlotnaðist einmitt sá heiður fyrir skemmstu að veita forystuliðinu þar viðurkenningu Samtaka ferðapjónustunnar vegna nýsköpunar í þeim geira. Gaman var að sjá hraun renna og fræðast um margt sem því við kemur.

Einnig lá leiðin í Reynisfjöru, þann vinsæla viðkomustað erlendra ferðamanna (sjálfan af okkur Elizu er tekin þar). Nánast við hvert fótmál á stígnum frá bílastæði að fjöruborði getur að líta viðvörðunarskilti um þá hættu sem býr í sjávarmálinu. Hægviðri var þennan dag og öldur saklausar að sjá. Fólk gat því virt fyrir sér í friði og öryggi fegurð fjörunnar og víðáttur hafsins. Samt var það nú svo að einn ferðalanginn sá ég blotna upp á miðja kálfa, niðursokkinn í að taka myndband af sjálfum sér í sjávarmálinu. Aldrei verður nógsamlega brýnt fyrir gestum okkar að fara varlega þegar íslenskrar náttúru er notið.

Síðan þokuðum við okkur í vesturátt en lentum í vanda við Sólheimasand. Á einbreiðu brúnni á þjóðveginum þar rákust bílar saman, rétt áður en okkur bar að.

Við fengum þær fréttir að blessunarlega hefðu ekki orðið slys á fólki en umferð tafðist um skeið. Þar fékkst þá enn ein áminningin um að fara varlega á vegum úti.

Um síðir náðum við þó á næsta áfangastað, manngerðu hellana hjá Ægissíðu við Hellu í Rangárþingi ytra. Þar nutum við leiðsagnar Árna Freys Magnússonar en þau Álfrún Perla Baldursdóttir hafa kynnt sér í þaula sögu þeirra og gerð eins langt og vitneskja okkar nær. Spennandi er að ímynda sér að írskir munkar hafi grafið sér bólstað þarna áður en norræna landnámsmenn bar að. Ekki er það útilokað en verður væntanlega seint sannað.

Á fimmtudaginn var tóku venjubundnari annir við, meðal annars móttaka fyrir nema í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Notalegt var að spjalla við þá um nám þeirra og mitt starf, íslenska stjórnskipun og önnur mál.

Síðastliðinn föstudag hélt ég svo vestur á firði og heimsótti Lýðskólann á Flateyri. Þann skóla sækir ungt fólk sem leitar öðruvísi ramma utan um nám sitt en finna má í hefðbundnari framhaldsskólum. Í öflugum menntakerfi verða ólíkar leiðir að vera í boði fyrir þá sem vilja efla sjálfan sig, fræðast og ná tókum á nýrri kunnáttu, sjálfum sér og samfélaginu öllu til heilla. Lýðskólar eða lýðháskólar af því tagi, sem hafa fyrir löngu sannað gildi sitt annars staðar á Norðurlöndum, skipta sköpum í slíkri heildarmynd. Lýðskólanemar tóku vel á móti mér, kynntu starfshætti og námsleiðir og buðu svo til glæsilegrar veislu þar sem paella var borin fram, sá indæli þjóðarréttur frá Spáni. Á einni myndanna að neðan er ég í viðtali á sviði, eftir borðhaldið, um ár mín í embætti forseta Íslands.

Ég þakka nemendum og Vestfirðingum öllum gestrisni og góðvild. Ég gisti á Hótel Ísafirði. Sá staður fékk sömu viðurkenningu fyrir nýsköpun í ferðaþjónustu og hraunsýningin sem áður var getið. Frá hótelinu er lagt í gönguskíðaferðir á heiðum uppi sem hafa notið mikilla vinsælda að undanfögnu. Hitti ég einn hópinn sem var í þessum erindum vestra og naut dvalarinnar til hins ítrasta.

Nú er aðventan hafin og ég óska landsmönnum velfarnaðar sem endranær. Gætum okkur á jólastresskettinum. Hann er afkvæmi jólakattarins gamla sem heimtaði alltaf eitthvað nýtt á jölunum og annars færi illa. Við höldum hinum nýja hins vegar góðum með því að fara ekki yfir um í amstri og gjafagleði, og hugsa til þeirra sem þurfa á einhvers konar aðstoð að halda yfir hátíðirnar.